

Reglur um úthlutun umhverfisstyrkja árið 2016

- 1. Sækja skal um umhverfisstyrk til sveitarstjórnar sem samþykkir/eða synjar umsókn. Í umsókn komi fram lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd, áætlaður framkvæmdatími og kostnaðaráætlun.**
- 2. Aðeins er úthlutað vegna framkvæmda er varða bætt umhverfi, ástand og/eða útlit býla**
- 3. Aðeins er úthlutað til eigenda/umráðamanna lögbýla í Fljótsdalshreppi**
- 4. Ekki er úthlutað til lögbýla án heimilisfestu. Heimilisfestan þarf að hafa verið skráð samfleytt á viðkomandi lögbýli , að lámarki 12 undangengna mánuði, þegar umsókn er tekin fyrir og heimilisfestan þarf einnig að vera til staðar þegar kemur að útgreiðslu styrksins.**
- 5. Framlag vegna eigin vinnu getur numið allt að kr. 250.000,-, að auki er greitt framlag vegna útlagðs kostnaðar gegn framvísun á afriti af reikningum (án vsk). Úthlutaður styrkur á hvert lögbýli árið 2016 getur að hámarki verið kr. 500.000,-**
- 6. Oddviti greiðir umhverfisstyrkinn út þegar framkvæmd er lokið, úttekt hefur farið fram og lagðir hafa verið fram reikningar sem sýna útlagðan kostnað.
Ef framkvæmd er ekki lokið og úttekt farið fram innan 2ja ára frá dagsetningu styrkumsóknar, fellur samþykki fyrir styrkúthlutun niður. Viðkomandi á þess þó kost að óska eftir endurnýjun á umsókninni, ef fyrir liggur að framkvæmd komist á.**

Samþykktar reglur á fundi sveitarstjórnar 17.11 2015